



GLÍMUFÉLAGIÐ ÁRMANN

STOFNAÐ 15. DESEMBER 1888

Reykjavík, 17. ágúst 2020

Efni: Húsnæðismál lyftingadeilda Ármanns

Glímufélagið Ármann óskar eftir að farið verði í þá vinnu að finna nýtt húsnæði fyrir Kraftlyftingadeild Ármanns og Lyftingadeild Ármanns. Báðar þessar deildir æfa í kjallara sundlaugarinnar í Laugardal við óásættanlegar aðstæður. Þegar núverandi húsnæði var valið þá átti að fara í ákveðnar endurbætur til að gera salinn hæfan fyrir æfingar. Nú hefur endanlega komið í ljós, með skoðun framkvæmdasviðs, að ekki er hægt að gera þær lagfæringar sem til þarf. Einnig liggur fyrir að það á að fara í endurbætur á laugarsvæði og búnaði laugar innan skamms tíma svo deildirnar missa sína aðstöðu þegar þær framkvæmdir hefjast. Er það ósk okkar að leit að hentugu húsnæði hefjist strax svo hægt verði að bregðast við fyrirbyggjandi röskun á starfsemi deildanna. Nýtt húsnæði þarf að uppfylla núverandi þarfir auk þess að geta tekið á móti aukningu iðkenda sem óhjákvæmilega verður með betra húsnæði. Aðstaðan þarf að uppfylla kröfur um afreksstarf deildanna en það má nefna að Júlían J.K Jóhannsson, iðkandi kraftlyftingardeildar er margfaldur íslandsmeistari, Evrópumeistari ungmenna, Heimsmeistari ungmenna, 3. sæti á heimsmeistaramóti í nóvember 2019 og setti heimsmet í réttstöðulyftu á sama móti.

Þá er nýtt húsnæði einnig hugsað sem þrekaðstaða fyrir aðrar deildir félagsins sem eru dreifðar á nokkrum staði með sína þrekaðstöðu.

Fylgiskjöl: Þarfragreining unnin af stjórnnum beggja deilda.

Jón Þór Ólason

Framkvæmdastjóri Glímufélagsins Ármanns